

Samgöngu- og fjarskiptanefndar Rangárþings ytra 2014 – 2018

Fundur nr. 4

Haldinn: Mánudagur 27. apríl 2015 kl. 17.00

Mættir: Engilbert Olgeirsson, Steindór Tómasson, Jóhann Björnsson, Sævar Jónsson, Gyða Á. Helgadóttir.
Einnig mættu á fundinn: Ágúst Sigurðsson, Bjarni Jón Matthíasson, Teitur Haraldsson og Guðmundur Daníelsson.

Staðsetning: Í fundarsal í kjallaranum í Miðjunni á Hellu.

Efni fundarins:

1. Snjómokstursreglur í dreifbýli

Bjarni hefur haldið utan um snjómokstur í sveitafélaginu síðan 2011. Hann segir það aðkallandi að hafa útgefnar reglur um framkvæmd á snjómokstri til að tryggja jafnræði og hagkvæmni. Til að glöggvunar þá tók Bjarni saman fjölda vega/bæja sem um ræðir sem og kostnað vegna snjómoksturs. Heildarvegalengdir eru um 714 km og þar af eru fjallvegir 320 km. Miðað við að mokað sé 10,8 daga á ári, sem er meðaltal síðustu 5 vetra, þá er kostnaður fyrir Rangárþing ytra kr. 4.705.079.- miðað við núverandi verðlag.

Fundarmenn eru sammála því að leggja til við sveitarstjórn að settar verði snjómokstursreglur þar sem gert er ráð fyrir að sveitarfélagið moki heim að lögbýlum með fasta búsetu. Bjarna er falið að vinna áfram í málinu og koma með tillögur um reglur sem hægt er að miða við og einnig að nota til að bjóða verkið út fyrir næstu ár og þá er mögulegt að fá hagkvæm kjör á verkið.

2. Umferðaöryggismál innan þéttbýlis

Bjarni hefur leitað að samþykktum um umferðaöryggismál innan þéttbýlis í Rangárþingi ytra en hefur ekki haft erindi sem erfiði. Það er mikilvægt að setja reglur um umferðöryggi innan þéttbýlis, lögreglustjóri þarf að samþykkja þær og síðan eru þær auglýstar.

Nefndarmenn eru sammála því að fylgja því eftir að fá samþykktar umferðaöryggisreglur. Umræða skapaðist í kjölfarið um bæi í dreifbýli sem mögulega þarf að setja lýsingu við afleggjara að heimreiðum þar sem gangandi umferð er um. Einnig þarf að skoða hvort mögulegt sé að draga úr umferðahraða við bæi sem liggja við aðalvegi. Bjarni tók að sér að skilgreina þá staði sem hafa ekki samþykktar reglur og skoða þá staði/bæi þar sem möguleg aukin áhætta er á slysi. Slík skilgreining gefur nefndinni gleggri sýn á málið og getur því útbúið beiðni til lögreglustjóra til samþykktar.

3. Fjarskiptamál

Guðmundur Daníelsson kynnti skýrslu um frumhönnun og kostnaðarmat á lagningu ljósleiðara um Rangárþing ytra.

Forsendur skýrslunnar er að lagður verði ljósleiðari heim að lögbýlum þar sem er föst búseta. Gert er ráð fyrir að nægur ljósleiðaraforði sé í stofnleiðum svo að bjóða megi sumarhúsum og fyrirtækjum þátttöku. Kerfið yrði opið aðgangskerfi. Þ.e. öllum þjónustuveitum yrði frjáls aðgangur að kerfinu. Nákvæmni kostnaðaráætlunarinnar er miðuð við -20 til +30%. Viðmiðið er að hver notandi fær sinn þráð frá Laugalandi eða Hellu að tengistað. Um er að ræða 233 heimili þ.e. tengistaðir og áætlaður heildarkostnaður er 367.milljónir fyrir utan VSK.

Hugsanlega er hægt að lækka kostnað með því að fara í samvinnu við þá aðila sem eru í jarðvinnuframkvæmdum til að setja niður rör fyrir ljósleiðara.

Nefndinni lýst vel á að fara í þessa framkvæmd og Guðmundi er falið að útbúa minnisblað fyrir nefndina og sveitarstjórn um hugsanlegar leiðir í ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins innan tiltekins árafjölda á eins hagkvæman hátt og kostur er.

Kanna þarf mögulega kostnaðarþátttöku ríkisvaldsins við verkefnið.

4. Einnig var á dagskránni eftirfarandi mál:

- A. Styrkvegaframkvæmdir í ár
- B. Ástand vega í sveitarfélaginu
- C. Erindisbréf nefndarinnar

Ekki vannst tími til að ræða um þessi mál en annar fundur verður haldinn fljótlega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.30.

Fundargerð ritaði Gyða Árný Helgadóttir